

Fimmtudaginn 19. maí 1994.

Nr. 436/1993.

**Ákærvaldið**

(Hallvarður Einvarðsson ríkissaksóknari)

gegn

**Porkatli Einarssyni**

(Páll Arnór Pálsson hrl.)

Fjárdráttur. Opinberir starfsmenn. Skaðabætur. Sératkvæði.

**Dómur Hæstaréttar.**

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson, Garðar Gíslason, Guðrún Erlendsdóttir, Hjörtur Torfason og Pétur Kr. Hafstein.

Ákærði áfrýjaði málinu einvörðungu um ákvörðun refsingar og skaðabóta, en því var af hálfu ákærvalds skotið til Hæstaréttar með áfrýjunarstefnu 22. október 1993. Krefst ákærvaldið þyngingar á refsingu ákærða og staðfestingar á ákvæði um greiðslu skaðabóta úr hendi hans.

Ákærði viðurkennir að hafa dregið sér fé úr sjóði vínbúðar Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins að Lindargötu 46 í Reykjavík frá miðju ári 1986 fram á mitt ár 1991, svo sem rakið er í hinum áfrýjaða dómi. Upp komst um fjárdrátt hans 28. október 1991, þegar starfsmenn frá aðalskrifstofu ÁTVR komu í verslunina til talningar á birgðum hennar. Skýrði ákærði þeim þá frá því, að birgðirnar væru ekki í samræmi við það, sem birgðahaldstölur gæfu til kynna, og væri það af sínum völdum. Birgðatalning fór svo fram daginn eftir, og önnuðust hana starfsmenn aðalskrifstofunnar og fulltrúar Ríkisendurskoðunar. Niðurstöður hennar voru þær, að á vínbirgðir í versluninni vantaði meira en þriðjung þess, sem þar átti að vera samkvæmt bókhaldi fyrirtækisins. Jafnframt komu fram í birgðageymslu 216 tómir kassir undan áfengi, sem notaðir voru til að dylja fjárdráttinn.

Í ákæru er á því byggt, að öll sú birgðarýrnun, sem talningin gaf til kynna, verði rakin til fjárdráttar ákærða. Hafi hann þannig dregið sér andvirði áfengis, er svari til 23.251.530 króna á verðlagi 29. október 1991. Ákærði hefur frá upphafi vefengt, að fjárdráttur hans hafi verið svo umfangsmikill. Á hinn bóginn hefur hann ekki getað

skýrt það með nokkurri nákvæmni, hverju fjártökur hans hafi numið á hverjum tíma. Þá hefur hann enga viðhlítandi skýringu gefið á því, hvernig birgðir hafi getað rýrnað af öðrum orsökum, án þess að hann yrði þess var, en það var starf hans meginhluta þess tímabils, sem ákæran nær til, að fylgjast með innkaupum og birgðahaldi verslunarinnar og gefa birgðaskýrslur til aðalskrifstofunnar.

Leggja verður til grundvallar, að ákærði hafi dregið sér fé sem svarar andvirði þeirra birgða, sem á vantaði við talningu, enda er ekkert fram komið í málinu, er gefi tilefni til að rengja niðurstöður hennar. Þetta er hið raunverulega tjón ÁTVR, sem ákærði verður talinn bera ábyrgð á, enda verður umfang fjárdráttarins ekki metið á annan veg, eins og hér háttar til. Ákærða gat ekki dulist, þegar hann dró sér fé og leyndi fjárdrættinum á þann hátt, sem hann gerði, að uppgjör hlyti að lokum að miðast við þá vöntun á birgðum, sem í ljós kæmi.

Með þessum athugasemdum ber að staðfesta hinn áfrýjaða dóm með skírskotun til forsendna hans að öðru leyti.

Ákærði skal greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, eins og í dómsorði greinir.

#### D ó m s o r ð :

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Ákærði, Þorkell Einarsson, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 60.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Páls Arnórs Pálssonar hæstaréttarlögmanns, 60.000 krónur.

#### S é r a t k v æ ð i Hjartar Torfasonar

Ákæra í máli þessu er á því byggð, sem ákærði hefur viðurkennt um fjárdrátt sinn úr sjóði verslunarinnar að Lindargötu 46. Er meðferð ákærða á svonefndum veislutékkum þannig talin aðalþáttur í verknaði hans, en þá notaði hann til að draga sér peninga úr afgreiðslukössum verslunarinnar. Jafnframt er það talið hafa gerst í einhverjum mæli, að hann hafi fengið lánað áfengi í versluninni án þess að standa skil á andvirðinu. Er miðað við, að hvort tveggja

komi fram í þeirri birgðastöðu, sem leidd var í ljós við talningu í versluninni 29. október 1991.

Fyrir héraðsdómi var ekki sérstaklega að því hugað, hvaða fjármunir hefðu í reynd farið um hendur ákærða, en fjárdráttur hans er talinn hafa staðið yfir nokkuð samfelld um fimm ára skeið. Upplýst er hér fyrir dómi, að útsöluverð á áfengi hafi rúmlega tvöfaldast á þessu tímabili. Telja verður nægilega sannað, eins og málið liggur fyrir, að fjárdrátturinn svari meginhlutanum af þeim birgðum, sem á vantaði. Umfang hans í peningum var hins vegar háð því, hvernig áfengisverði var háttað hverju sinni. Eru þær fjárhæðir, sem ákærði hefur getað tileinkað sér, þannig miklum mun lægri samanlagt en andvirði áfengisbirgðanna á talningardegi. Sú staðreynd skiptir þó ekki sköpum um matið á sök ákærða og refsingu á hendur honum, þar sem brot hans var stórfelld allt að einu.

Með þessum athugasemdum við hinn áfrýjaða dóm er ég sam-mála öðrum dómendum Hæstaréttar um annað en skaðabótaþátt málsins.

Í málinu er sú krafa gerð fyrir hönd Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins, að ákærði verði dæmdur til að greiða skaðabætur, að fjárhæð 23.251.530 krónur, ásamt vöxtum, frá því að fjárdráttur hans átti sér stað. Er krafan einvörðungu byggð á niðurstöðum fyrrgreindrar talningar og miðar að því, að ákærði skili fyrirtækinu öllu verðmæti þess, er á vantaði, eftir útsöluverði á þeim tíma. Sem fyrr segir, var áfengisverð þó annað og lægra, þegar verknaður ákærða var framinn, og ávinningur hans eftir því. Að undirstöðu til nam tjónið af brotinu hinu sama og ávinningurinn, þ.e. virði þeirra peninga, er ákærði tók hverju sinni. Við kröfugerð á hendur honum var fyrirtækinu rétt og skylt að taka mið af þessu undirstöðuatriði þrátt fyrir augljósa örðugleika og reyna að skýra með eigin gögnum, eftir því sem kostur var, hvernig tjónið hefði átt sér stað. Þetta hefur ekki verið gert, og er bótakrafan vanreifuð að því skapi. Ekki er þó óhjákvæmilegt að vísa henni frá dómi, svo sem ákærði hefur krafist, og verður einnig að líta til þess, hversu naumt er um skýringar hans megin. Er rétt, að skorið verði úr um kröfuna á grundvelli þess, sem fram er komið í málinu, þótt fara þurfi nokkuð að álitum. Er það þá niðurstaða mín, að skaðabætur til fyrirtækisins séu hæfilega metnar

16.500.000 krónur, og verði ákærða gert að greiða þá fjárhæð með sömu vöxtum frá 29. október 1991 og á var kveðið í héraðsdómi.

### **Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 14. apríl 1993.**

Mál þetta, sem dómtekið var í dag, er höfðað hér fyrir dómi með ákæru, út gefinni 31. ágúst 1992, á hendur Þorkeli Einarssyni, Leirutanga 14, Mosfellsbæ, kt. 160351-4119, „fyrir fjárdrátt í opinberu starfi með því að hafa sem afgreiðslumaður og frá 1. september 1988 sem aðstoðarútsölu- stjóri í vínbúðinni Lindargötu 46, Reykjavík, dregið sér af fjármunum vínbúðarinnar frá miðju ári 1986 og fram á mitt ár 1991 samtals kr. 23.251.530 og notað í eigin þarfir.

---

Telst þetta varða við 1. mgr. 247. gr., sbr. 138. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar.

Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins gerir kröfu til skaðabóta úr hendi ákærða, kr. 23.251.530 auk vaxta“.

Ákærði var starfsmaður í vínbúð Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins að Lindargötu 46 hér í borg. Hann hóf að starfa þar á árinu 1984 við afgreiðslu en var aðstoðarútsölustjóri frá 1. september 1988 til 28. október 1991 en þá var honum vikið úr starfi.

Þann dag komu eftirlitsmenn með rekstri verslana ÁTVR í vínbúðina að Lindargötu 46 til þess að telja birgðir og sjóð.

Við talningu sáu þeir tóma kassa í stæðum, og enn fremur kallaði ákærði á Þór Oddgeirsson, aðstoðarforstjóra ÁTVR, sem þarna var staddur, og sagði honum að vöntun væri á birgðum. Viðurkenndi ákærði að vera valdur að hvarfi birgða og fjár úr sjóði. Ekki kom fram hversu mikil birgðarýrning væri að mati ákærða en hann taldi að hún væri veruleg.

Forstjóri ÁTVR var kallaður til og voru ákærði ásamt útsölustjóra þegar leystir frá störfum tímabundið.

Talningu var hætt þá um kvöldið en daginn eftir var hafið að telja á nýjan leik og önnuðust starfsmenn ÁTVR og starfsmenn Ríkisendurskoðunar það verk.

Talning leiddi í ljós að verðmæti birgða í versluninni var 40.114.050 krónur en samkvæmt bókhaldi aðalskrifstofu ÁTVR áttu þær að vera að verðmæti 63.365.580 krónur. Þannig vantaði birgðir að verðmæti 23.251.530 krónur í vínbúðinni.

Talning fór þannig fram að starfsmenn ÁTVR og Ríkisendurskoðunar töldu birgðir hvorir fyrir sig og báru síðan saman niðurstöður og bar saman

um þær. Rannsókn málsins beindist aðallega að því að upplýsa hvert væri umfang fjárdráttar ákærða sem hefur ávallt neitað því að hafa dregið sér svo mikið fé sem greinir í ákæru.

Hins vegar liggur fyrir skýlaus játning hans á því að hafa dregið sér andvirði svonefndra veisluvínstékka og að hafa dulið fjárdráttarbrot sitt með þeim hætti, sem lýst er í ákæru.

Ákærði viðurkenndi að hafa byrjað að draga sér fé í vínbúðinni á árinu 1986 og hafa haldið því áfram fram á árið 1991. Hann kvaðst hafa framkvæmt fjártökurnar þannig að hann tók veisluvínstékka, sem geymdir voru í peningaskáp í útsölunni, og skipti þeim í peninga, sem hann tók úr kassa.

Ákærði lýsti meðferð veisluvínstékka þannig að viðskiptavinir hefðu komið í vínbúðina og tekið út áfengi vegna fyrirhugaðra veisluhaldna og kvittað fyrir móttöku þess og lagt inn tékka fyrir andvirðinu, sem geymdur var í búðinni uns viðskiptavinur kom aftur, skilaði víni, sem af gekk, ef um það var að ræða, og var þá afriti nóttunnar hent, en viðskipti þessi voru ekki skráð á kassa fyrr en gert var upp.

Hann kvaðst hafa haft yfirlit yfir fjártökur sínar fyrst í stað en hafa hætt því líklega í kringum árið 1988. Ekki mundi hann hvað fjártökurnar voru komnar í er hann hætti að hafa yfirlit yfir þær.

Hann kvað birgðatalningu í versluninni hafa farið þannig fram, að starfsmenn töldu birgðir í tvennu lagi, annars vegar á lager og hins vegar í búð. Húsnæðinu hafi verið skipt í tvennt og síðan borið saman. Tveir hópar hafi töldu (sic) og báru saman niðurstöður, reiknuðu þetta út og skiluðu ákærða talningu. Að því búnu hreinritaði ákærði talningarblöðin, sem send voru aðalskrifstofu ÁTVR. Þessi talningarblöð voru síðan lögð til grundvallar við uppgjör hvers mánaðar.

Hann kvaðst hafa fengið þá niðurstöðu úr talningu á árinu 1988 að u.þ.b. 2.000.000 krónum meira vantaði á birgðir en svaraði til þess sem hann sjálfur hefði tekið, og hefði hann aldrei getað fundið neitt út úr því. Eftir að þetta gerðist kvaðst ákærði hafa hætt að hafa yfirlit yfir fjártökur sínar.

Ákærði kvaðst halda, að er þetta var hefði hann verið búinn að draga sér fé, svo að milljónum króna skipti, en það hafi ekki farið yfir 10 milljónir. Hann viðurkenndi að hafa dregið sér fé, eftir að þetta var, en taldi, að ekki hefði bæst við jafnmikið og hann hafði þá þegar dregið sér.

Ákærði kvaðst telja, að sú fjárhæð, sem greinir í ákæru, 23.251.530 króna, sé allt of há og að það sé með ólíkindum að sú niðurstaða hafi komið úr talningunni, vöntunin hafi alls ekki verið svona mikil.

Þegar ákærði var spurður um hvornig hann hefði notað fé það sem hann dró sér sagði hann að peningarnir hefðu verið notaðir í almennar þarfir eða

neyslu. Hann kvaðst ekki muna eftir neinum sérstökum tilvikum. Hann var spurður um hvort hann myndi eftir tiltekinni fjárhæð eða að hafa greitt einhverja skuld og svaraði því neitandi.

Aðspurður um hvers vegna hann hefði dregið sér fé sagði ákærði að það væri sennilega vegna þess að hann hefði verið í einhverjum erfiðleikum, sem hann hafi ekki ráðið við á einhverjum tíma, sem hann hafi ætlað að bjarga sér með því að taka þarna að láni. Nánar aðspurður kvaðst ákærði hafa verið í nokkrum fjárhagsvandræðum og getað létt þeim af sér að einhverju leyti. Hann sagði og að skýringin væri aðallega sú að hann hefði staðið í húsbýggingu sjálfur áður, flestir skuldi nokkuð eftir að standa í slíkum hlutum og þetta hafi upphafist við að bjarga sér einhvern veginn fyrir horn út úr einhverjum vandræðum, sem þá voru og ákærði mundi ekki nákvæmlega hver voru eða hefðu getað verið. Hann kvað fjártökurnar hafa náð hámarki um það bil á árinu 1989. Hann hafi upphaflega ætlað að greiða til baka en síðan hafi þetta farið að velta upp á sig með hluti, sem hann kunni eiginlega ekki að skýra og viðurkenndi að hafa tekið meira út áfram. Hlutirnir fóru að verða óviðráðanlegir og auðsýnt fyrir hann, að útilokað var að hann gæti endurgreitt það, þegar staðan var orðin sem allra verst í kringum 1988-1989 er hann gerði sér þetta að fullu ljóst.

Ákærði lýsti því að hann hefði leynt fjárdrættinum með því að setja tóma kassa inn í stæður á lager, og hefði það dugað fyrst í stað, en síðar hefði hann hafið að lagfæra talningar- eða birgðalista. Hann kvaðst að mestu hafa séð um frágang á talningargögnum og séð um innkaup á lagerinn í búðinni.

Þegar ákærði var spurður um, hvaða skýringu hann teldi vera á því, að birgðir rýrnuðu, aðra en þá, að hann væri valdur að því, svaraði hann því til, að í fyrsta lagi gæti verið um að ræða óafgreidda pöntun af lager sem ekki hefði verið komin í búðina, og í öðru lagi hefðu getað átt sér stað mistök við afgreiðslu frá lager sem hugsanlega hefðu getað farið fram hjá honum og þeim þarna niður frá.

Ákærði kvaðst ekki geta sagt um það hver velta var á svokölluðu veisluvíni á tímabilinu en sagði þó að í hverri viku gætu verið nokkur hundruð þúsund krónur í peningaskápnnum í veisluvínstékkum en tók fram að fráleitt væri að hann hefði hirt það allt saman.

Ákærði kvað það hafa komið fyrir að starfsmenn, þar á meðal hann sjálfur, hefðu fengið áfengi að láni í vínbúðinni, sem þeir hefðu síðar greitt, venjulega um næstu mánaðamót á eftir.

Hann kvaðst sjálfur ekki hafa greitt fyrir úttektir sínar í öllum tilvikum en hann hefði skráð úttektir sínar á blöð, sem hann geymdi á skrifstofu vínbúðarinnar, og kveðst ekki vita hvað um þau hafi orðið.

Pegar talið var í vínbúðinni 29. október 1991 komu í ljós 217 tómir kassar í stæðum á lager búðarinnar að því er talningarmenn bera.

Um þetta sagði ákærði að það væri með ólíkindum að kassarnir væru svo margir. Mögulegt væri að þeir hefðu verið settir þarna til að þeir yrðu taldir með birgðum en fjöldi þeirra væri með ólíkindum.

Fram kom í skýrslu ákærða að ekki var haldin dagbók yfir hreyfingar á lager eða sölu í búðinni og því ekki hægt að fylgjast með stöðu birgða nema við mánaðarleg uppgjör sem ákærði annaðist að mestu. Þá kom fram í skýrslu hans, að hann hefði talið að það væri hluti af starfi hans sem aðstoðarútsölustjóra að fara yfir þær birgðir, sem komu í verslunina, þó að stundum hafi aðstaða verið þannig að hann hafi orðið að láta aðra gera það. Hann kvaðst oftast hafa séð um að panta birgðir.

Vínþantanir hafi verið gerðar þannig að hringt var á aðallager þaðan sem þóntunin var send og skrifaður með henni reikningur og þurftu starfsmenn í vínbúðinni að samþykkja móttöku á víninu. Ákærði tók fram, að starfsmenn aðallagers hefðu getað skrifað nótur á vínbúðirnar án vitneskju verslananna.

Vitnið Þór Oddgeirsson, aðstoðarforstjóri ÁTVR, skýrði frá því, að hann ásamt 3 öðrum starfsmönnum ÁTVR hefði komið í vínbúðina við Lindargötu til þess að telja í vínbúðinni 28. október 1991. Pegar talning var nýlega hafin hafi ákærði komið til hans og sagt honum að ekki væri allt sem skyldi. Það væri vöntun sem koma myndi fram við talninguna. Hann kvaðst hafa kallað á Bjarna Þorsteinsson og þeir spurt ákærða hvort þetta væri mikið. Ákærði hafi kveðið það vera en ekki hafi verið nefnd ákveðin fjárhæð en þó hafi milljónir verið nefndar.

Hann kvað það hafa verið tilkynnt á fundi með útsölustjórum að til stæði að hefja eftirlitstalningar í vínbúðunum. Það hafi verið tilviljun að hafið var að telja á Lindargötunni.

Pegar þetta kom upp, var haft samband við starfsmenn Ríkisendurskoðunar og forstjóra ÁTVR en rannsóknarlögreglumenn komu ekki fyrr en daginn eftir.

Hann kvaðst hafa orðið var við að eitthvað á þriðja hundrað tómir kassar hefðu verið inni í stæðum í búðinni.

Þá kom fram, að ekki voru færðar dagfærslur í búðinni, þ.e. skrá vöru þá, sem tekið var á móti.

Vitnið kvað rannsóknarlögreglu hafa komið á staðinn morguninn eftir um núfuleytið.

Vitnið kvaðst ekki minnst þess að oft hefðu orðið mistök við sendingar af aðallager í vínbúðir.

Vitnið Bjarni Þorsteinsson, forstöðumaður sölu- og skýrsluvinnsludeildar hjá ÁTVR, sagði í skýrslu sinni, að fljótlega eftir að talning hófst hefðu talningarmenn orðið varir við tóma kassa í stæðu, og um svipað leyti hefði Þór Oddgeirsson komið til vitnisins og sagt því, að ákærði hefði sagt, að það væri eitthvað sem myndi muna þarna. Ekki mundi vitnið hvaða tölur hefðu verið nefndar utan það, að ákærði hefði nefnt einhverjar milljónir.

Hann kvað hvorki ákærða né föður hans, Einar Ólafsson útsölustjóra, hafa verið viðstadda talninguna en haft var samband við útsölustjórann þegar í ljós kom hvers kyns var.

Morguninn eftir hafi starfsmenn Ríkisendurskoðunar og rannsóknarlög-reglumenn komið á staðinn.

Vitnið Sigfríður Hermannsdóttir, fulltrúi í bókhaldsdeild ÁTVR kvað ákærða hafa gefið upp birgðir útsölnnar símleiðis um hver mánaðamót og var úttekt stemmd af hjá útsölu. Vitnið bar reikning útsölnnar hjá bókhaldsdeild saman við niðurstöður ákærða. Hún kvað þetta yfirleitt hafa gengið snurðulaust upp og minnst þess ekki, að ákærði hefði gefið upp ranga birgðatölu.

Vitnið Sævar Skaftason, eftirlitsmaður ÁTVR, sem kom á vettvang til talningar að kvöldi 28. október, sagði í skýrslu sinni að hann ásamt vitninu Ottó Hreinssyni hefði byrjað að telja lager vínbúðarinnar, áður en versluninni var lokað, og hafi þeir ekki verið búnir að telja lengi, er þeir sáu kassa, sem voru tómir. Vitnið kvað tómu kassana úr stæðunum á lagernum hafa verið tekna til hliðar og kvaðst þess fullviss, að þeir kassar hefðu ekki blandast saman við aðra tóma kassa sem voru í búðinni.

Vitnin Sveinn Arason, skrifstofustjóri Ríkisendurskoðunar, og Kristján Einarsson, fulltrúi Ríkisendurskoðunar, sem komu á vettvang 29. október og töldu birgðir á lager vínbúðarinnar, komu fyrir dóm og gerðu grein fyrir talningunni.

Þá gáfu vitnin Ottó Sveinn Hreinsson útsölustjóri og Erlingur Ólafsson verslunarstjóri skýrslur fyrir dómi en ekki þykir þörf á að rekja efni þeirra hér.

#### *Niðurstaða.*

Með játningu ákærða er sannað, að hann dró sér úr kassa vínbúðarinnar að Lindargötu 46 andvirði svonefndra veisluvínstékka, er þeir voru greiddir af viðskiptavinum. Ákærði hefur borið á móti því að hafa eytt nótum vegna áfengis, sem hann hafði áður fengið lánað og var því skrafaður fyrir, en hefur viðurkennt að hafa ekki staðið skil á andvirði þess.

Ákærði hefur neitað því, að umfang fjádráttarins hafi verið eins mikið og segir í ákæru, 23.251.530 krónur.

Ákærði hefur viðurkennt að hann leyndi fjárdrættinum með því að setja tóma kassa inn í staður með fullum kössum af áfengi, þannig að tómu kassarir voru taldir með birgðum við uppgjör, en á síðari hluta árs 1988, er fjárdrátturinn var orðinn verulega umfangsmikill, hækkaði hann tölur á talningarskýrslum, en sem aðstoðarútsölustjóri stjórnaði hann talningu birgða um hver mánaðamót og þegar verðbreytingar áttu sér stað. Í fyrstu hækkaði hann birgðatölur yfir vín, en er á leið einnig bjór, auk þess sem hann hækkaði einnig tölur yfir svonefnt veisluvín.

Ákærði hefur engar skýringar gefið á því hvernig hann ráðstafaði fjármunum þeim sem hann viðurkennir að hafa dregið sér og ekki liggja fyrir nein gögn frá honum sjálfum um umfang fjárdráttarins. Hann sagði í skýrslu sinni fyrir dómi að hann hefði í fyrstu haft yfirlit yfir fjártökur sínar en hætt því einhvern tíma á árinu 1988. Í sömu skýrslu gaf hann þá skýringu á þessu að hann hefði orðið þess var á því ári að mismunur um ca. 2.000.000 króna væri á þessu yfirliti hans og réttum tölum sem hann kvaðst ekki hafa getað áttað sig á af hverju stafaði og kveðst hann þá hafa hætt að skrá hjá sér fjártökur sínar.

Síðastgreint atriði er frásögn sem ekki hefur komið fram hjá ákærða fyrr en við yfirheyrslur fyrir dómi og þykir hún ekki trúverðug.

Ekki liggur fyrir viðurkenning ákærða á því, að birgðarýrnun sú, er í ljós kom við talningu í vínbúðinni að Lindargötu 46 29. október 1991, sé eingöngu af hans völdum. Hins vegar hefur hann viðurkennt að hafa dregið sér fé í vínbúðinni og dulið þann fjárdrátt með því að bæta svo til tómu kössum inn í staður á lager hennar og auk þessa hækkað tölur á talningarskýrslum um birgðir í búðinni eins og áður greinir. Þá kemur fram í málinu að þess var ekki gætt að halda skýrslur um magn þess áfengis sem sent var í búðina af aðallager ÁTVR þannig að greinargott yfirlit væri fyrir hendi um stöðu birgða og að ákærði sem aðstoðarútsölustjóri ber ábyrgð í þessu efni.

Ákærði hefur ekki komið með neinar haldbærar skýringar á birgðarýrnun í vínbúðinni og þegar litið er til atferlis ákærða og aðstöðu til þess að fylgjast með í vínbúðinni er komin fram lögfull sönnun um að ákærði hafi frá miðju ári 1986 og fram á mitt ár 1991 dregið sér af fjármunum vínbúðarinnar að Lindargötu 46 andvirði áfengis, sem var að verðmæti 23.251.530 krónur er talning fór fram 29. október 1991, og notað í eigin þarfir.

Með athæfi sínu gerðist ákærði brotlegur við 1. mgr. 247. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 og með því að hann var opinber starfsmaður verður refsing ákveðin með hliðsjón af 138. gr. sömu laga.

Ákærði hefur ekki áður verið fundinn sekur um brot sem hér skipta máli.

Brot ákærða er stórfellt, og brotastarfsemi ákærða stóð í langan tíma, ár-

in 1986 til 1991, og hefur hann ekkert greitt til baka af því fé, er hann dró sér. Refsing ákveðst með hliðsjón af ofangreindum lagaákvæðum fangelsi í 2 ár. Frá þeirri refsingu dregst gæsluvarðhaldsvist ákærða frá 1. til 7. nóvember 1991 með fullri dagatölu.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Páls Arnórs Pálssonar hrl., 140.000 krónur, og 120.000 krónur í saksóknarlaun til ríkissjóðs.

Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins hefur gert kröfu til skaðabóta úr hendi ákærða, að fjárhæð 23.251.530 krónur auk vaxta, en samkvæmt framangreindu nemur umfang fjárdráttar ákærða þeirri fjárhæð og ber að dæma hann til að greiða ÁTVR hana í skaðabætur með vöxtum, eins og greinir í dómsorði.

Allan Vagn Magnússon héraðsdómari kveður upp dóm þennan.

#### D ó m s o r ð:

Ákærði, Þorkell Einarsson, sæti fangelsi í 2 ár. Gæsluvarðhald ákærða frá 1. til 7. nóvember 1991 skal dragast frá refsingu með fullri dagatölu.

Ákærði greiði Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins 23.251.530 krónur með vöxtum samkvæmt 7. gr. vaxtalaga nr. 25/1987, sbr. lög nr. 67/1989, frá 29. október 1991 til dómsuppsögudags, en dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga frá þeim degi til greiðsludags.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talda þóknun skipaðs verjanda síns, Páls Arnórs Pálssonar hrl., 140.000 krónur, og 120.000 krónur í saksóknarlaun í ríkissjóð.